

# Fundargerð 458. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2023, föstudaginn 17. nóvember kl. 11:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar Fundur fór fram í fjarfundi.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Pétur Ólafsson, Arnfríður Eide Hafþórsdóttir, Þórdís Sif Sigurðardóttir, Björn Arnaldsson og Dóra Björk Gunnarsdóttir.

Að auki sátu fundinn Flosi Hrafn Sigurðsson lögfræðingur hjá sambandinu og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Fundargerð 457. fundar - 2301001HA**

Lögð fram til kynningar fundargerð 457. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 19. október 2023 sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

**2. Vesturbyggð - dómur um innheimtu aflagjalda - 2311001HA**

Lagður fram dómur í máli nr. E-196/2020, Vesturbyggð gegn Arnarlaxi ehf. dags. 9. nóvember 2023, vegna innheimtu aflagjalda af eldisfiski og bréf stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga til innviðaráðherra, dags. 14. nóvember 2023, vegna niðurstöðu dómsins. Að auki lagt fram minnisblað Gísla Gíslasonar vegna héraðsdóms í máli Vesturbyggðar gegn Arnarlaxi ehf. dags. 15. nóvember 2023.

Stjórn Hafnasambands Íslands tekur undir bókun Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga og lýsir yfir þungum áhyggjum vegna niðurstöðu dóms, Héraðsdóms Vestfjarða í máli gegn Arnarlaxi sem féll á dögnum. Augljóst er að dómur héraðsdóms undirstrikar mikilvægi kröfu hafna um endurskoðun hafnalaga. Hafnasambandið telur það alveg skýrt að heimildin til innheimtu aflagjalda af eldisfiski sé nú þegar til staðar en undanfarin ár hafa eldisfyrirtæki þó haldið öðru fram. Því telur hafnasambandið mikilvægt að Hafnalögin verði tekin til endurskoðunar sem allra fyrst og að inn komi skýrari útlistanir til að tryggja að aflagjald gildi um eldisfisk líkt og annan sjávarafna og sjávarafurðir.

**3. Endurtilnefning í mengunarvarnaráð hafna - 2206002HA**

Endurtilnefna þarf í mengunarvarnaráð hafna í stað Bergsteins Ísleifssonar sem látið hefur af störfum hjá Faxaflóahöfnum.

Samþykkt að tilnefna Jón Þóri Sveinsson starfsmann Faxaflóahafnar í mengunarvarnarráð í stað Bergsteins Ísleifssonar.

**4. Fyrstu drög að aðgerðum í aðgerðaráætlun ferðamálastefnu 2030 - 2311002HA**

Lögð fram fyrstu drög að aðgerðum í aðgerðaráætlun ferðamálastefnu 2023 sem er til umsagnar í samráðsgátt.

**5. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2024-2038 ásamt aðgerðaráætlun 2024-2028 - 2307001HA**

Lögð fram til kynningar umsögn hafnasambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 31. október 2023, um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaráætlun fyrir árin 2024-2028, 315. mál.

**6. Samstarfsverkefni um fjarvigtun - 2009021HA**

Lagt fram til kynningar bréf Hafnasambands Íslands og Fiskistofu til matvælaráðuneytisins, dags. 10. nóvember 2023, um samstarfsverkefni um fjarvigtun í smærri höfnum.

**7. Umsögn um slit ógjaldfærra opinberra aðila - 2311003HA**

Lögð fram til kynningar drög að umsögn sambandsins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 15. nóvember 2023, um slit ógjaldfærra opinberra aðila, mál nr. S-196/2023.

Fundi var slitið kl. 12:50